

Ávarp stjórnarformanns Gildis-lífeyrissjóðs – 23. apríl 2013

Fundarstjóri, sjóðfélagar, aðrir fundargestir.

Þau voru mörg viðfangsefni hjá Gildi-lífeyrissjóði á síðasta starfsári enda þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins með um 13% hlutfall eigna. Voru eignir sjóðsins ríflega þrjú hundruð milljarðar króna í lok ársins 2012. Mjög hátt hlutfall landsmanna á einhver réttindi í Gildi, en á síðasta ári var fjöldinn kominn yfir 188 þúsund manns. Má segja að sjóðurinn endurspegli nánast allar atvinnugreinar landsins og stór hluti sem stígur sín fyrstu skref á vinnumarkaði sem sjóðfélagi hjá Gildi.

Þegar við horfum yfir afkomu sjóðsins síðasta ár getum við nokkuð vel við unað. Samtryggingarsjóður skilaði 12,2% ávöxtun og að teknu tilliti til verðbólgu nam ávöxtunin 7,3%. Þá er einnig þeim stóra áfanga náð að tekist hefur að semja við alla gömlu bankana um uppgjör gjaldmiðlavarnarsamninganna. Það leiðir hins vegar hugann að þeirri vandasömu stöðu að skammtíma gengissveiflur íslensku krónunnar hafa áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Sjóðurinn er langtímafjárfestir sem hefur það meginmarkmið að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru í boði á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Til þess að dreifa áhættunni í eignasafninu hefur sjóðurinn fjárfest í alþjóðlegum verðbréfasöfnum en þá er mikilvægt að horft sé til þess að ávöxtun og áhætta sé miðuð við fjárfestingu til lengri tíma.

Í nýútkominni ársskýrslu má sjá nýja hluthafastefnu Gildis. Það að sjóðurinn hefur fjárfest í íslensku atvinnulífi í auknum mæli er ekki hvað síst vegna gjaldeyrishaftanna en það kallar hins vegar á skýrari línur í hluthafastefnu en verið hefur. Það er mjög mikilvægt að traust ríki á íslenskum hlutabréfamarkaði og að útboðsferli séu vönduð þegar ný félög eru skráð á markað. Þá þarf samstarfs- og umsagnarvettvangur fyrir hluthafa að vera í föstum skorðum. Í nýrri hluthafastefnu Gildis er lögð rík áhersla á vandaðar og faglegar ákvarðanir og á það einnig við um ráðningar og launakjör æðstu stjórnenda.

Framlag ríkisins sem á að jafna örorkubyrði sjóðsins var 925 milljónir fyrir árið 2012. Sú fjárhæð dugði samt ekki til þess að Gildi væri jafnsettur þeim sjóðum sem hafa enga örorkubyrði. Það er því afar brýnt að samstarf við VIRK endurhæfingarsjóð skili þeim árangri að sá hópur sjóðfélaga sem þarf á sértækum

stuðningi að halda komist til virkni á vinnumarkaði og létti þar með á örorkugreiðslum úr sjóðnum. Samstarf Gildis við VIRK er hægt og bítandi að byggjast upp en frá nóvember 2012 hefur Gildi greitt lögbundið framlag í VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Á nýafstöðnum ársfundi VIRK kom það mjög vel fram hversu mikilvægt það er að góð samvinna sé milli allra aðila, einstaklinganna sjálfra, stéttarféлага, lífeyrissjóða, heilbrigðisstofnana, þjónustuaðila í starfsendurhæfingu og ekki hvað síst atvinnulífsins sem þarf að veita einstaklingum tækifæri til virkni.

Hlutfall veðlána til sjóðfélaga hefur lækkað milli ára í eignasafni sjóðsins og endurspeglar væntanlega að hluta til þá staðreynd að undanfarin ár hefur hópur virkra sjóðfélaga Gildis sem býr ekki í eigin húsnæði farið stækkandi. Því hefur sú umræða farið vaxandi að möguleg fjárfestingatækifæri lífeyrissjóða geti falist í leigumarkaði og er nú starfshópur innan lífeyrissjóðanna að skoða möguleika á slíku. Hér þarf þó eins og með aðra fjárfestingakosti að meta vænta ávöxtun með hliðsjón af þeim áhættuþáttum sem til staðar eru.

Á þessu ári taka ný lög um kynjakvóta í stjórn lífeyrissjóða gildi. Til að uppfylla þau mun ný stjórn Gildis verða skipuð fjórum konum og fjórum körlum. Það var orðið löngu tímabært að rétta hlut kvenna á þessum vettvangi enda varða lífeyrissjóðir almannahagsmuni og því sjálfsagt að þar komi bæði kyn að þeim ákvörðunum. Að sama skapi er sjálfsagt að horfa til þess að fjölmennir starfahópar meðal aðildarféлага sjóðsins eru nánast eingöngu af öðru kyni eins og t.d. sjómenn.

Þegar horft er til rekstrarkostnaðar í ársreikningi sjóðsins er hér vissulega um háar fjárhæðir að ræða. En hér þarf einnig að líta til þess að mun meiri kröfur eru nú gerðar til ýmissa eftirlitsþátta hjá lífeyrissjóðum. Til þess að mæta því var starfsmönnum í eignastýringu hjá Gildi fjölgað á síðasta ári og nýr starfmaður ráðinn til þess að sjá um áhættueftirlit hjá sjóðnum. Þá var einnig nýtt skjalastjórnunarkerfi tekið í notkun. Allt eru þetta þættir sem kalla vissulega á hærri rekstrarkostnað en munu skila sér til lengri tíma litið í bættum verkferlum. Hjá Gildi var hlutfall nettórekstrarkostnaðar að meðtöldum fjárfestingargjöldum 0,18% af heildareignum sjóðsins sem er sama hlutfall og árin tvö þar á undan. Þetta hlutfall hefur hins vegar í heildina farið hækkandi hjá íslenskum lífeyrissjóðum og var þannig 0,30% árið 2011 og 0,20% árið 2010.

Ríkisvaldið lagði sérstakan skatt á lífeyrissjóði á árinu 2011 sem nam ríflega 200 milljónum hjá Gildi. Þessa fjárhæð átti að greiða til baka samkvæmt sérstöku samkomulagi sem lífeyrissjóðir uppfylltu gagnvart ríkinu. Ríkið hefur hins vegar ekki staðið við sinn hluta samkomulagsins með að endurgreiða þessa fjárhæð og er því ekki um annað að ræða en að dómstólar kveði úr um lögmæti skattsins enda felur hann í sér að enn frekar hallar á réttindi almennra lífeyrissjóða í samanburði við þá opinberu. Mun Alþýðusamband Íslands sinna þeirri hagsmunagæslu og var málið þingfest í síðustu viku.

Sjóðurinn hefur boðið lántakendum í greiðsluerfiðleikum upp á ýmis úrræði þar sem metið er út frá aðstæðum hvers og eins hvaða leið er hentugust. Þá gengu lífeyrissjóðirnir frá nýju samkomulagi við stjórnvöld nú fyrr í dag sem tekur á vanda þeirra sem tóku lán gegn lánsveði. Það samkomulag er þó háð ýmsum skilyrðum, en markmiðið er eftir því sem við á að að beita hliðstæðum reglum og giltu í svokallaðri 110% leið.

Ágætu sjóðfélagar. Nýútkomin ársskýrsla sjóðsins gefur greinargóða mynd af stöðu Gildis og vil ég hvetja ykkur til að kynna ykkur vel efni hennar ásamt ársreikningi sjóðsins.

Fyrir hönd stjórnar þakka ég starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf á liðnu starfsári og vona að þessi ársfundur verði upplýsandi og gagnlegur fyrir fundargesti.